

Brunamálastofnun	Skjal nr.	VLR 11
VERKLAGSREGLA VLR 11	Útgáfa	02
Skoðun á öryggisstjórnun rafverktaka	Dags.	15.01.10
	Bls.	1 af 3

VLR 11. **Skoðun á öryggisstjórnun rafverktaka**

1. Tilgangur

Að tryggja að öryggisstjórnunarkerfi rafverktaka fullnægi ætíð kröfum Brunamálastofnunar og jafnframt að samræmi sé í framkvæmd við skoðun skoðunarstofa á öryggisstjórnunarkerfunum.

2. Ábyrgð

Tæknilegur stjórnandi skoðunarstofu ber ábyrgð á að ákvæðum verklagsreglunnar sé fylgt.

3. Framkvæmd

Brunamálastofnun ber að láta með jöfnu millibili skoða öryggisstjórnunarkerfi rafverktaka. Semja skal við faggilta skoðunarstofu um framkvæmd skoðunarinnar. Skoðun á öryggisstjórnunarkerfi rafverktaka er fólgin í skoðun á aðstöðu hans og búnaði, verkskráningu og skjalavistun. Skoðanir á verkum rafverktakans tengjast þessari skoðun m.a. vegna skyldu rafverktakans til úrbóta á athugasemdum sem fram koma í skoðunarskýrslum.

4. Opinber fyrirmæli.

Skoðunarmaður sannreynir að rafverktaki eigi uppfærð eintök eftirtalinna fyrirmæla;

Reglugerð um raforkuvirki,

,

Verklags og skoðunarreglur Brunamálastofnunar,,

Bréf og fyrirmæli Brunamálastofnunar,,

,

5. Skráning

Skoðunarmaður ber upplýsingar um rafverktaka saman við skrá Brunamálastofnunar, s.s. heimili, kennitölu, heimasíma og tegund löggildingar. Einnig upplýsingar um fyrirtæki rafverktaka, heimili, póstfang, kennitölu, síma, farsíma, netfang og fleira þess háttar.

Hjá starfandi rafverktaka athugar skoðunarmaður hvort löggildingin sé í gildi og hvort samræmi sé milli starfsemi rafverktakans og tegundar löggildingar sem hann hefur.

Skoðunarmaður skoðar opinbera skráningu fyrirtækis rafverktaka, ef það er skráð á aðra kennitölu en kennitölu rafverktakans, (nafn, heimilisfang, kennitala) með því að skoða vottorð frá Ríkisskattstjóra RSK eða opinbert gagn sem byggir á þeirri skráningu, t.d. forprentaða VSK skýrslu.

6. Skjalavistun.

Brunamálastofnun	Skjal nr.	VLR 11
VERKLAGSREGLA VLR 11	Útgáfa	02
Skoðun á öryggisstjórnun rafverktaka	Dags.	15.01.10
	Bls.	2 af 3

Gerður er greinarmunur á skoðun skjalavistunar hjá nýjum rafverktökum og starfandi.

Þegar rafverktaki hefur starfsemi skal skoða vistun þeirra gagna sem þegar eru til, svo sem vottorð vegna löggildingar og upplýsingar um mælitæki. Rafverktaki sýnir hvernig hann hyggst vista gögn vegna verka.

Hjá starfandi rafverktaka skal skoða vistun afrita tilkynninga sem hann notar í samskiptum við rafveitur, afrita tilkynninga um rafverktakaskipti, teikninga, gagna vegna yfirferðar rafverktaka á eigin verkum, skoðunarskýrslu frá skoðunarstofum og annarra gagna varðandi verk hans. Gögnum er ráðað eftir verknúmeri eða á annan augljósan hátt.

Löggildingarskjal rafverktaka skal vistað á starfsaðstöðu hans, og ef við á yfirlýsing staðgengils sem uppfyllir þjónustuskyldur rafverktakans í fjarveru hans.

Skoðunarmaður kannar hvort innri úttektir rafverktaka á eigin starfsemi séu framkvæmdar reglulega og hugsanlegar athugasemdir lagfærðar. Gögn varðandi innri úttektir, s.s. áætlanir, gátlista og skýrslur, skal varðveita með öðrum gögnum.

Gögn verkskráningarkerfis skal rafverktaki geyma í a.m.k. 4 ár eftir verklok, en önnur skjöl eftir gildistíma þeirra og öðrum aðstæðum.

7. Tæki og búnaður rafverktaka.

Skoðunarmaður kannar hvort rafverktaki hafi yfir að ráða tækjum og búnaði eins og lýst er í VLR 10, að teknu tilliti til þess hvort um ræðir rafverktaka með A eða B löggildingu.

Tæki skulu vera í góðu ásigkomulagi og þeim vel við haldið. Tækjunum fylgi viðeigandi snúrur og búnaður (s.s. rafhlöður) til að hægt sé að nota þau. Tæknilegar upplýsingar um mælitækin séu vistaðar á aðgengilegan hátt.

8. Verkskráning.

Skoða skal eftirtalda þætti varðandi verkskráningu.

Að skráning nái yfir öll verk rafverktakans (bæði tilkynningarskyld og önnur) og hún sé skýr og kerfisbundin.

Að auðveldlega sé hægt að sjá stöðu einstakra verka eða hvenær þeim var lokið.

Að á skipulegan hátt sé haldið til haga fyrir hvert einstakt verk, teikningum, tilkynningum og gögnum er varða samskipti við rafveitur, Brunamálastofnun og skoðunarstofur, skýrslum um lokayfirferðir á eigin verkum, skýrslum frá skoðunarstofum og staðfestingu rafverktaka á úrbótum athugasemda þeirra, allt eftir því sem við á. Skoðunarmaður styðst við lista frá Brunamálastofnun, sem fylgir verkbeiðni, ef skoða á framgang ákveðinna verka og/eða velur verk af handahófi.

9. Vottorð.

Skoða hvort vottorð séu vistuð samkvæmt skoðunarreglum um vottorð og skjalavistun.

Brunamálastofnun	Skjal nr.	VLR 11
VERKLAGSREGLA VLR 11	Útgáfa	02
Skoðun á öryggisstjórnun rafverktaka	Dags.	15.01.10
	Bls.	3 af 3

Um ræðir :

- Vottorð Vinnueftirlits ríkisins
- Tæknilegar upplýsingar (leiðbeiningar) um mælitæki
- Vottorð Ríkisskattstjóra RSK um skráningu fyrirtækisins

10. Tilvísanir

- VLR 10, Öryggisstjórnun rafverktaka